



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SENDIMAÐUR FRAKKLANDSFORSETA HEIMSÆKIR ÍSLAND

Michel Rocard, sérlegur sendimaður Frakklandsforseta um málefni heimskautanna og fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands kemur til Íslands í dag í boði forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar og flytur á mánudaginn fyrirlestur í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn ber heitið „Hvernig á að stjórna Norðurheimsskautssvæðinu – hlutverk Frakklands og Evrópu?“ Hann hefst klukkan 12:00, verður fluttur á ensku og er opinn almenningi.

Meðan á dvöl Michel Rocards stendur mun hann eiga fundi með forseta Íslands og Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra, heimsækja Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands til að kynna sér rannsóknir íslenskra vísindamanna á íslenskum jöklum og Grænlandsjökli og fara í Hafrannsóknastofnunina til að fræðast um fiskveiðieftirlit og rannsóknir á hafstraumum og fiskistofnum. Þá mun hann heimsækja Samhæfingarstöð Almanna og skoða gosslóðir á Suðurlandi.

Michel Rocard á að baki langan feril sem stjórnámamaður. Hann var um tíma landbúnaðarráðherra og svo á árunum 1988-1991 forsætisráðherra. Hann sat þrjú kjörtímabil á Evrópuþinginu og lét til sín taka í ýmsum málum, svo sem utanríkismálum, menntamálum og atvinnu- málum. Nicolas Sarkozy forseti Frakklands skipaði Rocard nýlega sérstakan sendimann sinn í málefnum heimskautanna.

Fyrirlesturinn sem Michel Rocard flytur í hádeginu á mánudaginn í Hátíðarsal Háskóla Íslands er hluti af fyrirlestraröð forseta Íslands „Nýir

straumar“ en ýmsir þekktir fræðimenn og forystumenn hafa á undanförnum árum tekið þátt í henni. Fyrirlesturinn er haldinn í samvinnu við Háskóla Íslands.

29. október 2010

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).